# Leiðbeiningar fyrir handleiðara sérnámsgrunnslæknis (SGL) um hvernig staðfesta á hæfnikröfur í lok námsárs/sérnámsgrunns (SG)

Inga Sif Ólafsdóttir, yfirlæknir lækna í sérnámsgrunni

Maí 2022

# Tenging matsblaða við marklýsinguna og samþykki handleiðara á að hæfnikröfum

- Er grunnforsenda þess að hægt sé að staðfesta að SGL hafi lokið SG
- SGL ber ábyrgð á að safna viðunandi fjölda matsblaða og tengja við marklýsinguna.
- Hvert einstakt matsblað má tengja við 4-6 atriði nema Summary TAB má tengja við 10-12 atriði
- SGL og handleiðari fara saman yfir matsblöð og ræða atriði sem koma vel út og hvað mætti betur fara. Ein ígrundun ætti að fjalla um eitthvað sem betur mætti fara.
- Í lok SG er ætlast til að SGL hafi tengt matsblöð við alla 12 meginkaflana og tengt við 70% af öllum undirköflum í hverjum meginkafla
  - Dæmi ef horft er á Kafla 1 þá eru þar 5 undirkaflar og SGL þarf að tengja við 4/5 undirköflum til að hafa tengt við 70%.
  - **Undantekningar eru:**
    - **Kafli 3 þar sem nóg er að tengja bara við 3.1 þar sem ekki er skylda á SG námsári að gera gæðakönnun**
    - **Kafli 12 þar sem nóg er að tengja við þau 5 skylduinngrip sem eru 12.1 Venepuncture, 12.2 IV Cannulation, 12.4 Arterial puncture in an adult, 12.5 Blood culture (peripheral), 12.13 Urethral catheterisation (male) eða 12.14 Urethral catheterisation (female).**

# Fyrir lokafund með handleiðara

- SGL(kandídat) metur færni í undirköflum og meginköflum sjálfur fyrir lokafund með handleiðara
- Handleiðari gerir sinn hluta fyrir fundinn eða á lokafundinum ef þarna eru atriði sem SGL gæti bætt úr og þannig fengið betri útkomu áður en SG námstímanum líkur.

# Fyrst staðfestir SGL undir kafla og yfirkafla

- SGL læknir metur út frá tengingum og matsblöðum.
- Hægt er að velja fjóra flokka og ættu allir að miða við að ná „Some Experience eða Achieved í öllum meginköflum marklýsingarinnar.
  - **Blank** – engin matsblöð tengdum þessu matsatriði (undirkafla)
  - **Not Achieved** – hér vantar matsblöð, er með fá eða matsblöð sem sýna að viðkomandi hafi ekki náð þessari færni
  - **Some Experience** – Er með færri en 4 matsblöð og uppfyllir ekki kröfur að fullu.
  - **Achieved** – Hefur 4 eða fleiri matsblöð af ólíkum gerðum og amk 3 þeirra eru vinnutengd matsblöð þar sem einhver annar en SGL sjálfur metur sína færni. Framúrskarandi og hefur náð þeim markmiðum sem til er ætlast.

# Næst staðfestir handleiðari undir- og yfirkafla

- Handleiðari metur  hvort hann er sammála mati SGL út frá þessum tengingum og matsblöðum.
- Hægt er að velja fjóra flokka og ættu allir að miða við að ná „Some Experience eða Achieved í öllum meginköflum marklýsingarinnar.
    - **Blank** – engin matsblöð tengdum þessu matsatriði (undirkafla)
    - **Not Achieved** – hér vantar matsblöð, er með fá eða matsblöð sem sýna að viðkomandi hafi ekki náð þessari færni
    - **Some Experience** – Er með færri en 4 matsblöð og uppfyllir ekki kröfur að fullu.
    - **Achieved** – Hefur 4 eða fleiri matsblöð af ólíkum gerðum og amk 3 þeirra eru vinnutengd matsblöð þar sem einhver annar en SGL sjálfur metur sína færni. Framúrskarandi og hefur náð þeim markmiðum sem til er ætlast.

# Í lok sérnámsgrunnsárs (SG) þarf handleiðari (Educational Supervisor) að staðfesta færni SGL í ólíkum meginköflum marklýsingarinnar

- 1. Fara inn á „**Curriculum and PDP**“ ofarlega fyrir miðjum skjá á gráa borðanum




- 2. Þá opnast fellilisti og þar er valið „**FP Curriculum 2012…**“

- 3. Þá birtast allir undirkaflar marklýsingar og þarf þá að velja „**Expand All**“ með því að velja plús táknið



- 4. Fara í „**Rate**“  og merkja fyrst við undirkaflana og loks við hvern meginkafla í marklýsingunni (alls 12 kaflar)




- 5. velja undir fellilistanum við Rating hvort SGL hafi uppfyllt þennan meginkafla í marklýsingunni og velja eitt af þremur
    - **Blank**
    - **Not Achieved**
    - **Some Experience**
    - **Achieved**
- 6. Velja „**Save**“
- Þetta byggir á hve vel SGL hefur linkað matsblöð við þennan meginkafla og til að fá Achieved þarf að hafa fjórar ólíkar tegundir matsblaða tengd við undirkaflann (sjá útskýringar á næstu glærum)



Allir SGL ættu að stefna að því að fá „Some Experience“ eða „Achieved“ í þessum 12 meginköflum.

Út frá reynslu í starfi á námsárinu, reglubundinni kennslu, færnibúðum og fleiri skylduþáttum í sérnámsgrunnsárinu er það vel raunhæft.

Mikilvægt að minna þau á að gera ígrundanir (reflecitons) um atriði sem voru góð námstækifæri fyrir þau á námsárinu.

# Achieved




- Til að fá Achieved þarf SGL að hafa tengt við 70% af undirköflunum í meginkaflanum og hafa
  - minnst fjögur matsblöð af ólíkum gerðum og
  - Amk þrjú þeirra séu vinnutengd matsblöð þar sem aðrir staðfesta færni námslæknis
- Sterkustu tengslin koma þegar fjölbreyttar matsaðferðir styðja við færni í umræddum hæfnikröfum.

Athugið undartekningar í köflum 3 og 12 – sjá glæru 2

- Hér fyrir ofan er dæmi um kafla 6.1 þar sem SGL hefur tengt ólík matsblöð við alla undirkafla og endurgjöf í matsblöðunum styður góða færni í viðkomandi hæfnikröfum

# Some Experience




- Hér er dæmi um undirkafla……. Þar sem tengt hefur verið við þrjá af fimm liðum =60% og endurtekið notað eitt og sama matsblaðið – væri sterkara að sjá fjölbreyttari matsblöð til að styðja færni SGL í þessum undirköflum

- Hér væri rétt að benda SGL að tengja einhver DOPS (matsblöð fyrir inngrip eins og uppsetning á þvaglegg) við undirkaflann „Consent“ og mögulega gera ígrundun um „Complaints“ ef SGL hefur lent í slíkri umræðu við sjúkling/starfsfólk á námsárinu

# Not Acheived

- Ef gefið er Not Acheived verður að rökstyðja það með því að merkja við þann undirkafla sem viðkomandi hefur ekki staðist
- Dæmi:




- Hér hefur SGL ekki tengt neitt matsblað við þennan undirkafla – rétt að benda SGL á það og stinga upp á að tengja hér við ALS skírteinið, Staðfestingarskjal um þátttöku í þverfaglegri hermikennslu og gera ígrundun (reflection) um einhverja endurlífgun eða lífslokameðferð sem SGL hefur komið að á námsárinu

# Hér á eftir koma dæmi um hvernig þetta kemur út eftir að SGL hefur tengt matsblöð og farið yfir hæfnikröfurnar

**Iceland Curriculum Syllabus** Expand All

| Professional Capabilities | Trainee Rating | Ed Sup Rating | Overall Ed Sup Rating | | Evidence |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 Professionalism | G (6/6) | ? (0/6) | | ? | 20 links |
| 2 Relationship and communication with patients | A (6/6) | ? (0/6) | | ? | 18 links |
| 3 Safety and clinical governance | A (2/3) | ? (0/3) | | ? | 4 links |

- G (6/6) Grænn hringur þýðir að merkt hefur verið við Achieved í öllum undirköflum og meginkafla
- A (6/6) Appelsínugulur hringur þýðir að merkt hefur verið við Some Experience í einhverjum undirkafla/köflum
- A (2/3) Hálffylltur hringur kemur þegar engar tengingar eru við einhvern undirkafla

- Hér er dæmi um Meginkafla þar sem SGL/kandídat hefur tengt við alla undirkafla (6/6) og merkt Acheived við þá alla.



- Hér er dæmi um Meginkafla þar sem SGL/Kandíat hefur lokið við að meta undirkaflana og
- Handleiðari og hafa lokið við að meta alla undirkafla og meginkafla



# Næst þarf handleiðari að meta „**Overall Supervisor Rating**“

- Loks velur handleiðari mat á meginkaflann í fellilista undir **Overall Ed Sup Rating** og þá birtist valmöguleikarnir:
  - Not been met – ef SGL stenst ekki þennan kafla
  - Partially met – ef meirihluti viðkomandi kafla er „Some Experience“
  - Fully met - ef meirihluti viðkomandi kafla er „Achieved“



# Markmið

- Að allir SGL geti merkt við
  - Undirkafla með: Some Experience eða Achieved
  - Meginkafla með: Some Experience eða Achieved

- Að handleiðarar geti merkt við
  - Undirkafla með: Some Experience eða Achieved
  - Meginkafla með: Partially met eða Fully met.